

Nd.

## 174. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. desember 1964, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða ellefu % — 11 af hundraði — söluskatt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

### 2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfresti, álagningu, gjalddaga og eindaga söluskatts, svo og um innheimtu 1½% dráttarvaxta, sem falli á í eindaga skattsins, og síðan fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera skil á skattinum á tilsettum tíma með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1970 skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri fyrir janúar og febrúarmánuði, en hinni fyrir marz. Skattyfirvöld geta krafizt hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta innan fyrsta ársfjórðungs fyrri ára.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal undantekningarlaust innheimta hinn breytta söluskatt skv. 1. gr. þessara laga frá og með 1. marz 1970. Sama regla gildi um fullnaðartollafgreiðslu í samræmi við 22. gr. tollskrárlaga nr. 3 26. febrúar 1969.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra ásamt ákvæðum 1. gr. laga nr. 61/1964 inn í meginmál laga nr. 10/1960 eins og þau eru breytt með niðurfellingarákvæðum 40. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963 um tollskrá o. fl. og 1. gr. laga nr. 76/1967, að breyttu breytanda og gefa út þannig sem lög um söluskatt.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um hækkun söluskatts úr 7.5% í 11% eða um 3.5 prósentustig. Gerð er tillaga um gildistöku hækkunarinnar 1. marz 1970.

Megintilgangur með frumvarpi þessu er að mæta þeim tekjumissi, sem ríkissjóður verður fyrir með lækkun tolla skv. frumvarpi til nýrra tollskrárlaga, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, en að nokkru vegna ráðgerðra aukinna framlaga til verklegra framkvæmda og bóta almannatrygginga í fjárlögum ársins 1970.

Gert er ráð fyrir, að lög þessi taki gildi um leið og áður nefnd tollskrárlög. Er því ætlazzt til að á gildistökuþegi gerist hvort tveggja í senn, tollar lækki og söluskattur hækki. Á þetta jafnt við um þann söluskatt, sem innheimtur er í innflutningi.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingu á 12. gr. laganna, þannig að ráðherra sé heimilt að ákveða framtalsfresti, álagningarfresti, gjalddaga o. þ. h. fyrir söluskatt. Er til þess ætlazzt, að ráðherra sé gert kleift að flýta skilum á söluskatti frá því sem nú gildir. Greinin er efnislega óbreytt að öðru leyti.

Um greinargerð fyrir máli þessu vísast að öðru leyti til framsögu fjármála-ráðherra.